



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA  
Fornleifadeild

# Fornleifakönnun vegna deiliskipulags á Björkurstykki í Árborg



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 12-17

Mars 2017

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning mán/ár:</b> Mars 2017
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input checked="" type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 12-17	<b>Verknúmer:</b> 473	
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifakönnun vegna deiliskipulags Björkurstykki í Árborg		<b>Blaðsíður:</b> 17
		<b>Fjöldi viðauka:</b> 0
		<b>Upplag:</b> 7
<b>Höfundur:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		<b>Fjöldi korta:</b> 4
<b>Unnið fyrir:</b> Sveitafélagið Árborg		<b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b> Lokaskýrsla
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Samstarfsaðilar:</b>
<p><b>ÚTDRÁTTUR</b></p> <p>Náttúrustofa Vestfjarða gerði fornleifakönnun á svokölluðu Björkurstykki í Árborg. Svæðið er innan bæjarmarka á Selfossi suður af Eyrarbyggðaveg. Svæðið sem skoðað var er 38 hektarar og afmarkast af Eyrarbyggðavegi í suður og Gagnheiði í austur.</p> <p>Skráðar voru 11 minjar. Grænatóft [6-7] er líklega ein merkilegasta fornleifin á svæðinu en það er hóll sem stendur upp úr svæðinu og var lengi landamerki. Aðrar minjar á svæðinu er minjar frá bænum Björk, handgrafin skurður[10], Stekkur[4], rétt[5], garðlag[11], útihús[3] og hlaðið skjól[8]. Stekkurinn [4] og réttin [5] eru illa farnar minjar og hafa ekki hátt varðveislugildi vegna ástands. Frikkatóft [3] er fjárhús sem byggt var rétt fyrir aldamótin 1900 en var aldrei notuð þar sem bóndinn sem hana byggði féll frá.</p> <p>Mjög mikilvægt er að vernda Grænatóft [6,7] sem stendur inn í Björkurstykki sem áður hét Grænatóftarheiði. Sé ekki unnt að vernda þennan hól er mikilvægt gera könnunarskurði til að kanna aldur, eðli og umfang þeirra minja sem á hólum eru. Mögulegt er að fleiri rústir hafi verið á þessu svæði og hafi verið sléttaðar þegar vélar voru notaðar í túnasléttun og Grænatóft hafi sloppið vegna þess að hún stendur á hól. Mikilvægi Grænatóftar sem landamerkis gæti líka hafa verið þess valdandi að ekki var sléttað yfir hann.</p>		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifakönnun, deiliskipulag, Björkurstykki, Árborg, minjar.		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological survey, Björkurstykki, Árborg
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b> Hulda Birna Albertsdóttir

## EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR .....	2
INNGANGUR .....	4
Markmið og aðferðir.....	4
Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
Aðferðafræði .....	5
Skrá yfir fornleifar .....	5
Björk 1860.....	6
Saga.....	6
Náttúrufar og jarðabætur .....	7
Hagi.....	8
Fornleifar á deiliskipulagssvæði.....	9
Niðurstöður .....	16
Heimildaskrá .....	17
Kort .....	18

## INNGANGUR

Að beiðni Bárðar Guðmundssonar byggingafulltrúa Árbogar gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun á svokölluðu Björkurstykki í Árborg. Land þetta tilheyrði áður jörðinni Björk í gamla Sandvíkurhrepp. Svæðið er nú innan bæjarmarka á Selfossi suður af Eyrarbakkaveg. Svæðið sem skoðað var er 38 hektarar og afmarkast af Eyrarbakkavegi í suður og Gagnheiði í austur. Aðalskráning fór fram árið 2004 á jörðinni Björk og var hún unnin af Byggðasafni Árnesinga af fornleifafræðingunum Margréti Hallmundsdóttur og Eddu Linn Rise. Deiliskráning var gerð á vettvangi þann 14.mars 2017 af Margréti Hallmundsdóttir sem jafnframt sá um skýrslugerð.

## MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

### Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögumum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskygni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

## SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Númerin eru fengin frá kortasjá Minjastofnunar Íslands. Hvert verkefni er afmarkað og hlýtur sérstakt númer sem í þessu tilfelli er númerið **1860**. Sjá má afmörkun þess svæðis sem skráð var inn á kortasjá Minjastofnunar <https://www.map.is/minjastofnun/>. Hver fornleif hlýtur síðan hlaupandanúmer, dæmi: Verkefnanúmer 1860-1.

## Björk 186o

### Saga

Hvenær Björk byggðist fyrst er ekki vitað en fyrst birtist býlið í heimildum árið 1566 í fornbréfasafninu, og var þá Björk eyðibýli. Gísli Jónsson Skálholtsbiskup gaf Bjarna Ketilssyni jörðina þann 4. október 1566 í skiptum fyrir part í jörðinni Langholt í sömu sókn (Laugardælasókn) 1. Jörðin var bænda eign til miðrar 17. aldar er Brynjólfur biskup Sveinsson náði henni undir Skálholtsstól. Árið 1790 komst Björk aftur í bænda eign og sátu hana ýmsir leiguliðar út 19. öld. Frá 1834-1899 var þar tvíbýli uns Gísli Lafransson frá Votmúla keypti jörðina af Magnúsi Arnbjarnarsyni lögfræðingi. Hélt Magnús eftir fjórða partinum. Björk II, sem síðan var lagður undir Selfoss, vesturbæ, og nýbýlið Haga, stofnað 1910<sup>1</sup>. Árið 1847 var jörðin í kirkjueign<sup>2</sup>. Björk virðist alltaf hafa haldið nafninu óbreyttu.

Björk var ekki stór jörð og hafði ekki hjáleigur. Þar bjuggu þó sæmilega stórar fjölskyldur á 18. og 19. öld samkvæmt manntölunum. Árið 1703 bjuggu þar hjón ásamt tveimur hjúum, 26 árum síðar bjó þar ein kona ásamt sjö börnum sínum<sup>3</sup>. Árið 1801 bjuggu í Björk hjón ásamt þremur börnum sínum og einni þjónustustúlku og 15 árum síðar bjuggu þar önnur hjón ásamt vinnumanni, vinnukonu og tókubarni<sup>4</sup>.

Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar var „Lanskuld 1x álnir í landaurum ut supra á stólsjörðunum. Leigukúgildi iii. Leigur í smjöri ut supra. Kvaðir mannlán, hestlán og dagsláttur ut supra á stólsjörðunum“ (JÁM II:108). Árið 1709 var „jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af síðan í tíð meistara Brynjúlfs, þar til hún var bóndaegin, og tíundaðist þá (eftir því sem menn hafa heyrt) fyrir tíu hundruð“<sup>5</sup>. Þegar Jarðatal á Íslandi var skrifað árið 1847 var dýrleiki jarðarinnar 15 1/3, landskuldin 0,60 og kúgildin 3<sup>6</sup>.

Árið 1861 var jarðardýrleiki fallinn niður í 9,1 hundr. en samtímis því hækkaði jarðardýrleiki Sandvíkurjarðirnar. Þessi mismunur jókst meira þegar veiði hófst fyrir alvöru í Sandvíkum. Að vísu á Björk veiðirétt í Ölfusá, þar sem Björkurland nær í odda niður að ánni við svokallaða Dýflissu en sú veiði hefur ekki verið nytjuð og ber jörðin aðeins 3 veiðieiningar<sup>7</sup>.

<sup>1</sup> Diplomatarium Islandicum 1944-1949: bls, 534-5.

<sup>2</sup> Sunnlenskar byggðir 1981:345.

<sup>3</sup> J. Johnsen 1847:62.

<sup>4</sup> Manntal 1703:520, Manntal 1729:601.

<sup>5</sup> Manntal 1801:230, Manntal 1816:315.

<sup>6</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín 1981:108.

<sup>7</sup> J. Johnsen. 1847:62.

<sup>8</sup> Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

## Náttúrufar og jarðabætur

Björk í Sandvíkurhreppi hefur alltaf verið lögbýli þótt jörðin sé ekki stór eða einungis 125 ha. óskipt. Jörðin liggur ofarlega í Sandvíkurhreppi og er öll ofan Votmúlavegar og snertir Selfossland á stórum kafla. Björk á horn vestan Eyrarbaklavegar og jörðin teygir sig í odda niður að Ölfusá í land sem kallað er Dýflissa<sup>9</sup>.

Samkvæmt túnakorti sem gerð voru fyrir Björk og sem teiknað var af Þorsteini Sigurðssyni árið 1920, var túnið í Björk 7.2 ha, þar af 2/3 slétt. Matjurtagarðar voru 960 m<sup>2</sup>. Á túnakorti má sjá bæjarstæðið, matjurtagarðinn og þrjú útihús<sup>10</sup>. Á heimasíðu Fasteignamats ríkisins eru byggingar á landi Björkur skráðar ásamt byggingarári og samkvæmt því standa þau hús sem eru á túnakortinu ekki enn í dag. Elsta hús á Björk er geymsla sem var byggð árið 1930, en í dag standa á jörðinni 13 byggingar<sup>11</sup>. Samkvæmt Fasteignabókinni 1932 voru tún á Björk þá 3,5 ha<sup>12</sup>. Árið 1977 var framkvæmt fasteignamat á jörðinni og voru þá tún á Björk 21 ha<sup>13</sup>. Samkvæmt jarðabók sem gerð var 1932 var forn hundraðatala bæjarins var 15 1/3 en ný hundraðatala árið 1848, var 9,1<sup>14</sup>. „Ræktunarskilyrði eru talin góð í Björk. Landið er samfelld og vel ræsalegt og víðast grjótleust. Besta ræktarlandið er vestur með veginum og sunnan við túnið en austur á landareigninni er mýrlendara, enda er þar aðaláveitulandið“<sup>15</sup>. Samkvæmt jarðabókinni var torfrista og stunga lítt nýtandi. Auk þess segir að: „Skóg í almenníngi ut supra. Hætt er kvikfje fyrir holugryfjupyttum. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er þá vatn tilflutt frá öðrum bæjum eða lánga vegu mönnum og fje til bjargar“<sup>16</sup>. Framþróun á jörðinni var ekki síður en á öðrum jörðum á Flóaáveitusvæðinu og ræktunarskilyrði síst verri en annars staðar. Þegar ræst var fram var grjótleust land víða. Best var ræktunarlandið vestur með veginum og niður að Litlahól en austur á landareigninni er mýrlendara enda er þar aðaláveitulandið<sup>17</sup>.

Landamerki jarðarinnar árið 1566 voru þessi skv Diplomatarium Islandicum: „fyrst sionhending vr Dyshol og j Slauguhol. Þadan sionhending og ofan j eitt litid kringlott gerdi. Þadan sionhending j Kierhola og hia þeim steine sem þar ä mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vti Grænutopt og þadan j ädurnefndan Dyshol. Jtem þad þetta Biarckar land matti vijdara vera helldr enn fimm hundrada landi giegnði“<sup>18</sup>.

Árið 1962 voru landamerki Bjarkar þessi samkvæmt heimild<sup>19</sup>: „Björkurland óskipt er um 126 hektarar, það er að lögun sem þríhyrningur og er markalína jarðarinnar þessi: Úr Dýflissu, sem er vik í Ölfusá og hornmark jarðanna Sandvík, Selfoss og Björk í Strokkhól vestan við túnið í Björk; úr Strokkhól gegnum Litlahól í

<sup>9</sup> Sunnlenskar byggðir 1981:345.

<sup>10</sup> Túnakort Björk.

<sup>11</sup> Fasteignamat ríkisins á.á.

<sup>12</sup> Fasteignabók 1932:13.

<sup>13</sup> Sunnlenskar byggðir.1981:345.

<sup>14</sup> Ný jarðabók:31.

<sup>15</sup> Sunnlenskar byggðir 1981:345.

<sup>16</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín 1981:108.

<sup>17</sup> Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

<sup>18</sup> Diplomatarium Islandicum.1551-1567:bls, 534-5.

<sup>19</sup> Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

Virkisvörðu austan við Eyði-Sandvík; úr Virkisvörðu dregin lína í norður gegnum Markhól, austan við bæinn í Björk í Kerhól norðaustan við bæinn; úr Kerhól bein lína í Dýflissu við Ölfusá. Sömu landamerki eru í dag.

Sem fyrr segir er úrskipt úr landi Bjarkar tveim spildum, önnur kom í hlut Selfoss, 350 metra breið spilda vestan frá Þjóðvegi austur að Strýtuholi. Hin er vestan vegar, jafnbreið Selfosspildu og nær út í Dýflissu eða því nær. Þó eru veiðiréttindin ekki fylgjandi spildu þessari heldur tilheyra Björk. Á þessari síðari spildu var nýbýlið Hagi reist árið 1910.

Björkurvegur hefst þar sem landamerkjalinan sker Eyrarbyggveg. Áður en vegur komst heim í hlað voru notaðir hestatroðningar á öðrum stöðum. Leiðin suður eftir lá fyrst suður að Bjarkarskurði, þar var brú á skurðinum. Var síðan farið vestur með skurðinum og stefnt á Strokkhól, þar var hlið í grjótgarði nálægt mörkum. Síðan var farið yfir Geirakotsrima beint upp á Þjóðveg. Leiðin upp frá Björk lá beint þaðan um Haga að Selfossi, er farið var gangandi, en ríðandi fóru menn beint vestur á Þjóðveginn<sup>20</sup>. Björk átti kirkjusókn að Laugardælum árið 1841<sup>21</sup>. Býlið er enn í byggð.

## Hagi

Nýbýlið Hagi var reist árið 1910 úr spildu úr jörðinni Björk í Sandvíkurhreppi á Grænútóftarheiði. Sigurður Magnús Eyjólfsson söðlasmiður byggði húsið<sup>22</sup>. Nýbýlið Hagi er um 20 ha. að stærð og takmarkast að norðan af landamerkjum Selfoss, að autan af Eyrarbyggvegi 392 m fram að landamerkjum Sandvíkur og þaðan út í Ölfusá. Yfirleitt er landið grýtt og erfitt til ræktunar og votlent efri hluti þess<sup>23</sup>.

Á jörðinni stóðu tvö hús árið 2004, það eldra byggt árið 1910 og það yngra, geymsla byggð árið 1971<sup>24</sup>. Húsinu hefur verið breytt en það var úr timbri, járnvarið með steiptum kjallara, 10 x 16 álnir að stærð. Í því voru 5 herbergi 2 dyragangar og 6 herbergi í kjallara, og í risi lítil súðarherbergi<sup>25</sup>. Húsin voru rifin árið 2006 og sjást engin merki um nýbýlið Haga í dag.

<sup>20</sup> Örnefnaskrá -Björk, 1-2.

<sup>21</sup> *Árnessýsla* 1979:72.

<sup>22</sup> Guðmundur Kristinsson 1991:200.

<sup>23</sup> *Sunnlenskar byggðir* 1981:345.

<sup>24</sup> Fasteignamat ríkisins á.á.

<sup>25</sup> Guðmundur Kristinsson 1991: 201-202.



## FORNLEIFAR Á DEILISKIPULAGSSVÆÐI

### 1860-1

**Eldra númer:** 166181-203-14

**Sérheiti:** Markhóll

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Hóll/náttúrusmið

**Staðsetning isnet:** A401327, N381614



**Staðhættir:** Austast í Björkur teignum, beint austur af bænum, er Markhóll. Hann liggur alveg í mörkum og er nánast mitt á milli Virkisvörðu og næsta hornmarks, Kerhóls. Kerhóll er hornmark fjögurra jarða: Selfoss, Votmúla, Jórvíkur og Björkur en þar þótti mótekja best í landinu. Talað er um Kerhól í landamerkjalytingu frá 1566. Á hólum mætast fjórir bæir (Björk, Selfoss, Jórvík og Lækjarmót).

**Mynd 1.** Kerhóll er náttúrulegur hóll við landamerki.

**Minjalýsing:** Kerhóll er lár hóll sem er aflíðandi í landi Bjarkar, en brattari þar sem hann er á hinum jörðunum. Á hólum er gamall sver staur úr timbri og mætast þar girðingar jarðanna. Hólinn er einungis fáir metrar í þvermáli en mörk hólans eru nokkuð óljós.

**Hættumat:** Hætta vegna byggðar.

**Heimildir:** Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnassýsla. Örnefnastofnun.

Guðmundur Jónsson. Ágúst 2004.

### 1860-2

**Eldra númer:** 166181-203-11

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Náma

**Staðsetning isnet:** A401523, N381418



**Staðhættir:** Austast í Björkur teignum, beint austur af bænum, er Markhóll. Hann liggur alveg í mörkum og er nánast mitt á milli Virkisvörðu og næsta hornmarks, Kerhóls. Kerhóll er hornmark fjögurra

**Mynd 2.** Mógrafir sem nú eru horfnar.

jarða: Selfoss, Votmúla, Jórvíkur og Björkur en þar þótti mótekja best í landinu. Talað er um Kerhól í

landamerkjálýsingu frá 1566. Í Austurenda landi Bjarkar er Kerhóll. Á hólnum mætast fjórir bæir (Björk, Selfoss, Jórvík og Lækjarmót). Austan við girðinguna er Selfoss og um 12 m frá girðingunni liggur reiðstígur. Mógrafirnar eru um 45 m vestan við Kerhól.

**Minjalýsing:** Kerhóll er lár hóll sem er aflíðandi í landi Bjarkar, en brattari þar sem hann er á hinum jörðunum. Á hólnum er gamall sver staur úr timbri og mætast þar girðingar jarðanna. Hólinn er einungis fáir metrar í þvermáli en mörk hólins eru nokkuð óljós. Mógrafirnar eru rétt aftan við Kerhól. Þær voru mjög margar og djúpar en þær dýpstu eru tæpur 1 m á dýpt. Sumar mógrafirnar höfðu verið fylltar. Grafirnar voru misstórar en flestar eru ferkantaðar og liggja þær svo þétt að um 1 m breið snið eru á milli þeirra til göngu. Gras og fífur eru í botni mógrafanna og er mismikið því í sumum er nær eingöngu moldarsvað.

**Athugasemd:** Fyrir nokkrum árum gaf Minjastofnun leyfi fyrir því að þessar mógrafir yrðu fylltar. Lýsingin hér að ofan var gerð árið 2004 og mynd tekin sama ár. Ekkert er sjáanlegt af þessum mógröfum í dag.

### 1860-3

**Eldra númer:** 166181-203-12

**Sérheiti:** Frikkatóft

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Staðsetning isnet:** A401199, N381420.

**Staðhættir:** „Í nánd við Kerhól [166181-203-11], beina stefnu þaðan að Björk, var Frikkatóft. Hún er kennd við Friðrik Eyjólfsson bónda í Björk (1881-1899). Hugði hann þar á fjánhúsbyggingu



Mynd 3. Frikkatóft.

en dó áður en þakið komst á tóftarveggina”<sup>26</sup>. Tóftin er í beinni línu milli Kerhóls og bæjarins á Björk, eða vestur af Kerhól og austur af Björk. Um 370 m eru á milli Kerhóls og Frikkatóftar. Tóftin er ekki alveg í miðju túni heldur er hún fremur í norðurenda túnsins nálægt Björkurstykkinu. Lítil gróður er á tóftinni því hestabeit er þar mikil.

**Minjalýsing:** Frikkatóft er lítil og fremur ógreinileg. Mikið er af þúfum í kring og í sjálfri tóftinni og sami gróður er í tóftinni og umhverfinu í kring. Tóftin er u.þ.b. ferköntuð 7,5 m er hún lengst að utanmáli og 4,5 m lengst að innanmáli. Breidd tóftarinnar er mest 5,5 m að utanmáli og 2,5 m að innanmáli. Tóftin virðist eingöngu vera

<sup>26</sup> Ö-Björk, 3.

eitt hólf þó gæti verið eitt samsíða hinu vestan við og mögulega er örlítið hólf (hlaða) norðan við. Inngangur tóftarinnar er í suðurátt.

#### 1860-4

**Eldra númer:** 166181-203-13

**Sérheiti:** Björkurstekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild/rúst

**Staðsetning isnet:** A401033, N381485.

**Staðhættir:** „Björkurstykki nefnist land það er Símon Jónsson bóndi á Selfossi hreppti við söluna á

Björk. Það er um 25 ha. að stærð og er ræktað allgrasgefið tún næst vegi. Á miðju túninu stendur Grænhóll þá er þess að geta að Björkustekkur er inni í Björkurstykki í suðausturhorni þess<sup>27</sup>. Ekki fannst neinn stekkur þar sem lýsingin á við. Hinsvegar er að finna í suðvestur horni Björkurstykkis rúst sem líkist mjög gömlum stekk. Verður að álykta að um prentvillu geti verið að ræða í örnefnaskránni sem er heimild.


**Minjalýsing:** Rústin er frekar ógreinileg í þýfðu landslagi. Um er að ræða rúst sem hefur tvö hólf, annað minna enn hitt stærra. Minna hófið er líklega lambakró. Rústin er 15 metrar á breidd og 12 metrar á lengd. Veggir eru úr torfi og ekki sér í neitt grjótt. Hæð hleðsla er hæst um 40 cm.

**Hættumat:** Hætta.

**Heimildir:** Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.




Mynd 4. Stekkur að öllum líkindum Björkustekkur.



2.5 0 2.5 5 7.5 10 m

Teikning 1. Teikning af Björkustekku.

<sup>27</sup> Ö-Björk, 3.

**1860-5****Hlutverk:** Óþekkt/ rétt**Tegund:** Rúst**Staðsetning isnet:** A401055, N381492.**Staðhættir:** Við Björkurstekk er annar stekkur eða rétt. Réttin er 10 metra vestur af stekknunum í suð-vestur horni Björkurstykkis.**Minjalýsing:** Réttin er hlaðin úr torfi og er nokkuð hringlaga. Hún er ekki mjög greinileg í þýfðu landslaginu. Réttin er 12 m á breidd og 12 m á lengd og opin til suðurs.**Teikning 2. Rétt eða aðhald við stekkin.****1860-6****Eldra númer:** 166181-203-15**Sérheiti:** Grænatóft**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Rústabunga**Staðsetning isnet:** A400757, N381963.

**Staðhættir:** Til eru jarðaskiptabréf og landamerkjalyfing Bjarkar frá 4. október 1566. Þá er jörðin í eyði „þetta domkirkiunnar Eijdikot. heitandis Biorck.“ og skiptir Skálholtsstóll á Björk og jarðarparti í Langholti. Jörðina fær Bjarni nokkur Ketilsson „til æfínnligrar eignar og frials forrædis. var þetta kot afhent með þulikum landamerckium. fyrst sionhending ur Dyshol og j Slauguhol. þadan

**Mynd 5. Grænatóft, rústabunga.**

sionhending j Kerhola og hia þeim steine sem þar á mille stendr. sijdan j burt vr Kerholi og vti Grænatópt og þadan j ádurnefndan Dyshol“<sup>28</sup>.

Björkurstykkið er tún við sunnanverðan Eyrarbakkaveg þar sem hann liggur út úr Selfossi. Grænatópt á svæði sem kallast Grænatóptarheiði og er Grænihóll um 74 m austur af þjóðveginum. Hóll þessi er áberandi í landslaginu þar sem hann er áberandi grænni en umhverfið í kring. Grænihóll er sennilega Grænatópt.

<sup>28</sup> Diplomatarium Islandicum 1551-1567.

**Minjalýsing:** Hóllinn er 22 x 22 m í þvermál og á honum eru grasivaxnar „upphækkanir“. Leifar eru af tóft á hólnum sem er sennilega mjög gömul tóft ar sem hann er kallaður *Grænatóft* í skjölum frá 16 öld.. Hóllinn er um 2 m á hæð.

**Hættumat:** Hætta vegna byggðar.

## 1860-7

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning isnet:** A400754, N381973.

**Staðhættir:** Rúst á hólnum sem kallaður er allt frá árinu 1566 *Grænatóft*.

**Minjalýsing:** Rústin er 11 m á lengd og 6 m á breidd.

Hún er líklega með op til austurs. Rústin er ekki mjög greinileg en hæst er hún um 30 cm. Víða sér í hraun

steina sem eru líklega úr veggjum. Sumstaðar hefur grjótt hrúnið niður úr veggjum niður hólinn. Líklega er um mjög forna rúst að ræða. Þessi hóll sem rústin stendur upp á er alltaf fyrstur að grænka á vorin og er grænn langt fram á haust. Nafnið er líklega tilkomið vegna þessa. Yfirleitt eru rústahólar mun grænni vegna næringarefna í jarðvegi frá dýrum eða mönnum. Þessi rúst og hóll eru merkileg fyrir þá staðreynd að fjallað er um þennan hól sem rúst eða tóft árið 1566 sem bendir það til hás aldurs.

**Hættumat:** Hætta vegna byggðar.

**Heimildir:** Páll Lýðsson. 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

## 1860-8

**Eldra númer:** 166181-203-17

**Hlutverk:** Skjól

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning isnet:** A401512, N381356.

**Staðhættir:** Við austurenda engjanna í Björk um 20 m frá girðingu sem skilur að Geirakot og Björk til suðurs



Mynd 6. Tóft sem er á hólnum sem nefnist *Grænatóft* [7]



Mynd 7. Hlaðið skjól fyrir dýr. Guðmundur bóndi í Björk stendur við hleðsluna.

og um 50 m frá girðingu sem skilur að Björk og Selfoss er hlaðið skjól.

**Minjalýsing:** Skjólið er hlaðið og myndar L (utanmál þess er 6 x 9 m). Hleðslugrjótið er mosavaxið en stendur upp úr vallgrónum engjunum í kring. Hleðsla er um  $\frac{1}{2}$  m á hæð og breidd garðsins er um 1 m. Skjólið er líklega nokkuð gamalt og hefur verið óbreytt frá því að ábúandi man eftir sér.

**Hættumat:** Hætta vegna byggðar.

**Heimildir:** Guðmundur Jónsson ágúst 2004.

**1860-9**

**Eldra númer:** 166181-203-18

**Hlutverk:** Byrgi

**Tegund:** Náma


**Staðsetning isnet:** A401554, N381415.

**Staðhættir:** 40 m vestur af Kerhól rétt austan við mógrafirnar er hleðsla sem ábúandi sagði að væri eftir byrgi einhverskonar, en þar var mór geymdur og þurrkaður.

**Minjalýsing:** Hleðslan er lengst 6,5 m að utanmáli og 3 m að innanmáli og breiðust er hún að utan 3,5 m og að innan um 1,5 m. Hleðslan er ekki ýkja há en hæst um 0,5 m. Á hleðslunni sjálfri vex eingöngu mosi en gras er bæði inn í henni og fyrir utan.

**Hættumat:** Hætta vegna byggðar.

**Heimildir:** Guðmundur Jónsson ágúst 2004.



Teikning 3. Teikning af hleðslunni.



Mynd 8. Byrgi til að þurrka mó.

**1860-10****Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Skurður**Staðsetning isnet:** A401019, N381715.**Staðhættir:** Á Björkurstykki liggur gamall handgrafin skurður frá suðri til norðurs.**Lýsing:** Skurðurinn er 530 metrar og er mun líklega er að um handgrafin skurð sé að ræða, mögulega er þetta garður.**Hættumat:** Hætta vegna ábúðar.**Heimildir:** Guðmundur Jónsson ágúst 2004.**Mynd 9. Handgrafinn skurður.****1860-11****Hlutverk:** Garður**Tegund:** Garðlag**Staðsetning isnet:** A400848, N381664**Staðhættir:** Á Björkurstykki liggur garðlag frá suðri til norðurs.**Minjalýsing:** Garðurinn er 94 m og liggur frá skurðinum sem er á milli heimatúnsins á Björk og Björkurstykkis.**Hættumat:** Hætta vegna ábúðar.

## NIÐURSTÖÐUR

Innan deiliskipulagsreits voru skráðar 11 minjar. Svæðið skiptist í tvo hluta öðru megin er tún sem sléttað var vegna landsmóts ungmennafélaga fyrir nokkrum árum. Við þá framkvæmd gaf Minjastofnun leyfi til að slétta yfir mógrafir en gerði það að skilyrði að minjum í túninu yrði hlíft. Sléttað var allt í kring um minjarnar en þær látnar óáreittar. Hinn hluti svæðisins sem liggur að Eyrabakkavegi er gamalt tún. Þar voru skráðar 6 minjar. Grænatóft [6-7] er líklega ein merkilegasta fornleifin á svæðinu en það er hóll sem stendur upp úr svæðinu og var lengi landamerki. Á þessum hól er rúst af húsi. Þessi hóll hét Grænatóft [6-7] árið 1566 og hefur því líklega verið orðin rúst þá. Aðrar minjar á svæðinu er minjar frá bænum Björk, handgráfin skurður[10], Stekkur[4], rétt[5], garðlag[11], útihús[3] og hlaðið skjól[8]. Stekkurinn [4] og réttin [5] eru illa farnar minjar og hafa ekki hátt varðveislugildi vegna ástands. Frikkatóft [3] er fjárhús sem byggt var rétt fyrir aldamótin 1900 en var aldrei notuð þar sem bóndinn sem hana byggði féll frá. Rústin er ógreinileg.

Mjög mikilvægt er að vernda Grænatóft [6,7] sem stendur inn í Björkurstykki sem áður hét Grænatóftarheiði. Sé ekki unnt að vernda þennan hól er mikilvægt gera könnunarskurði til að kanna aldur, eðli og umfang þeirra minja sem á hólnum eru. Mögulegt er að fleiri rústir hafi verið á þessu svæði og hafi verið sléttaðar þegar vélar voru notaðar í túnasléttun og Grænatóft hafi sloppið vegna þess að hún stendur á hól. Mikilvægi Grænatóftar sem landamerkis gæti líka hafa verið þess valdandi að ekki var sléttað yfir hann.



## HEIMILDASKRÁ

Árnessýsla 1979. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843*. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag: Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Björn Lárusson 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Guðmundur Kristinsson 1991. *Saga Selfoss 1*. Frá landnámi til 1930. Selfoskaupstaður.

Fasteignamat ríkisins. Skoðað 15.3.2017 af slóð: <http://www.fmr.is>.

[Höfund vantar]1932. *Fasteignabók*. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum 1944-1949. *Íslenzkt fornbréfasafn*. Fjórtaða bindi. 1551-1567. Gefið út af Hinu íslenska bókmentafélagi, Reykjavík.

J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Ný jarðabók fyrir Ísland Á.á. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1703. 1924-194, ásamt manntali 1729 í þremur sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands: Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið: Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. I. hefti. 1947-1974. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði, Akureyri.

Páll Lýðsson 1962. *Björk*. Sandvíkurhreppur, Árnessýsla: Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir á.á. *Flóinn*. II. bindi. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Þorsteinn Sigurðsson. 1920. *Björk*. Þjóðskjalasafn Íslands.

